

fest þann framburð með eiði, að kærandi hafi unnið að því starfi eftir 9. nóvember 1930.

Rétturinn verður að líta svo á, að það sé ekki fullsannað, að kærandi hafi unnið hjá kærðu eftir 9. nóvember 1930 eða dagana 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, þótt sterkar líkur séu fyrir því eftir því sem fram er komið í málinu. Þykir því rétt að láta úrslit máls þessa vera komin undir synjunareiði, en með því að eiginmanni kærðu, Jóni Arinbjarnarsyni, mun vera frekast kunnugt um þetta atriði, verða úrslitin látin vera komin undir eiði hans. Þannig að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sinu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að kærandi hafi unnið hjá kærðu eftir 9. nóvember 1930, eða dagana 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, skal kærða vera sýkn af kröfum og málskostnaður falla niður.

Vinni Jón Arinbjarnarson ekki svofeldan eið, greiði kærða kærandanum skuld, kr. 57,00 þar sem upphæðinni hefir ekki verið mótmælt sérstaklega, ásamt 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1932 til greiðsludags og þykir málskostnaður þá eftir atvikum hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóv. 1932.

Nr. 154/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Ólafi Steinari Finnbogasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 29. júlí 1932: Kærður, Ólafur Finnbogason, bóndi í Auðsholti, greiði 1000 kr. sekt í rikissjóð innan 15 daga frá birtingu dómsins, en afplánist ella með 48 daga einföldu fangelsi.

Hið tilbúna áfengi og bruggáhöldin skulu upptæk ger. Þá greiði kærður allan sakarkostnað.

Dómur hæstaréttar.

Með því að kærði ætlaði hið bruggaða áfengi til sölu, verður að dæma hann samkvæmt 30. gr. laga nr. 64/1930 í fangelsi fyrir brot sitt, sem varðar við 6. gr. sömu laga, auk sekta. Þykir fangelsisrefsingin hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og sektin 500 kr., er renni í rikissjóð og afplánist með 25 daga einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengisins og bruggunartækja og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Steinar Finnbogason, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði auk þess 500 kr. sekt í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 40 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku áfengis og bruggunartækja og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaf lutningsmannanna Péturs Magnússonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með fullri játningu kærða og öðrum gögnum er það sannað í máli þessu, að hann hefir bruggað 15 litra af allsterku áfengi á heimili sínu og flutt það til Reykjavíkur og ætlað sér að selja það þar. Var áfengi þetta á mjólkurbrúsa, er hann kom til geymslu á Njálsgötu 81, þar er lögregluþjónarnir í Reykjavík fundu það. Hins vegar er ekki upplýst, að kærður hafi haft atburði til að selja áfengið, né heldur að hann hafi áður gerzt sekur um slíkt brot, og til bruggtækjanna sagði hann viðstöðulaust.

Brot kærðs, sem er fæddur 10. ágústmánaðar 1884, á undir 6. gr. áfengislaganna 19. maím. 1930, og virðist hegning hans, með tilliti til hinnar hreinskilnu játningar hans og hins lofsamlega vitnisburðar sóknarprests, héraðsþrófastsins í Árnesþrófastsdæmi, samkvæmt 30. gr. sömu laga, vera hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt, er afplánist með 48 daga einföldu fangelsi. Hið tilbúna áfengi og bruggunaráhöldin skulu upptæk, og andvirði renna í rikissjóð fyrir áfengið, en áhöldin ónýtt. Svo ber kærðum að greiða sakarkostnað.

Enginn óþarfur dráttur hefir orðið á málinu.

Föstudaginn 25. nóv. 1932.

Nr. 96/1931. **Friðrik K. Magnússon**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Böðvari Jónssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Krafa stefnda um riftun og skaðabætur eigi tekin til greina, en hinsvegar heimiluð krafa áfrýjanda um endurgreiðslu vegna útl. kostnaðar í sambandi við bátakaupin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. ágúst 1931: Áðurgreindur samningur aðalstefnanda, Böðvars Jónssonar,